

7. Erindi frá Flóahreppi varðandi söfnun, flutning og brennslu á dýrahæjum

Lagt fram erindi frá sveitarstjóra Flóahrepps þar sem lýst er yfir áhuga og vilja til að eiga í samstarfi um söfnun, flutning og brennslu á dýrahæjum. Með þeim aðferðum sem sveitarfélagið hyggst fara er ljóst að farvegurinn verður réttur allt frá söfnun og til förgunar og augljós ávinningur fyrir alla að stytta vegalengdir enda hefur kostnaður aukist gríðarlega undanfarið vegna þeirrar vegalengdar sem flytja þarf úrganginn. Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir að gerð verði viljayfirlýsing sem myndi síðar leiða til samnings á milli sveitarfélaganna tveggja um söfnun, flutning og förgun á dýrahæjum. Magn dýrahæja í Flóahreppi síðustu ár hefur verið 80-100 tonn á ári.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur jákvætt í erindi Flóahrepps og sá búnaður sem sveitarfélagið vinnur í að setja upp og taka í notkun á komandi vikum afkastar allt að 500 tonnum á ári. Núverandi magn dýrahæja í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er um 120 tonn á ári svo nægt svigrúm til að taka við öllu magni dýrahæja frá Flóahreppi. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að ganga frá viljayfirlýsingu um samstarf, með það að markmiði að gera samning um söfnun, flutning og förgun á dýrahæjum. Sveitarstjóra falið að ganga frá viljayfirlýsingu við Flóahrepp.